

**8. fundur Starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra, haldinn í
fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
31. mars 2017 og hófst hann kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður, Jóhannes Finnur Halldórsson aðalmaður, Július Már Þórarinsson aðalmaður og Laufey Jónsdóttir starfsmaður bæjarskrifstofu.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - kynnisferð í félagsmiðstöðvar í Kópavogi og Grafarvogi

Starfshópurinn ásamt Ólafi Adolfssyni, Heiðrúnu Janusardóttur og Ingigerði Guðmundsdóttur fóru í kynnisferð í félagsmiðstöð eldri borgara í Kópavogi og Korpúlfu Reykjavík. Sjá fylgiskjal með samantekt.

Farið var yfir helstu niðurstöður og starfshópurinn óskar eftir að fá formann félags eldri borgara í Kópavogi (FEBK) og forstöðumann félagmiðstöðva fyrir eldri borgara í Kópavogi til að kynna starfsemi félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara í Kópavogi og samstarf við FEBK. Kynningin verður opin fyrir alla og auglýst síðar.

2. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - næstu verkefni starfshópsins

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk starfshópsins að setja fram skoðun um hvernig hann sér heildarþróun í málafloknum.

Starfshópurinn hefur farið í kynnisferðir til annarra sveitarfélaga og fengið upplýsingar um fyrirkomulag þjónustu við aldraða.

Starfshópurinn leggur til að haldin verði opin kynningarfundur á starfsemi félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Einnig verði haldin kynning á tilraunaverkefni um frístundaráðgjöf á vegum Akraneskaupstaðar.

Á 35. fundir velferðar- og mannréttindaráðs bókaði ráðið áhuga sinn að hafa opinn íbúafund um málefni 60 ára og eldri á Akranesi sem liður í stefnumótun. Fulltrúar í starfshópnum óskar eftir samstarfi um útfærslu um framkvæmd íbúafundarins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir *Jóhannes Þ. Guðmundsson*
Jóhannes Þ. Guðmundsson *Svala Kristín Hreinsdóttir*
Jóhannes Þ. Guðmundsson *Laufey Jónsdóttir*